

Dalavefurinn - www.dalir.is

Vefurinn dalir.is er vefur sveitarfélagsins Dalabyggðar. Hlutverk hans er fyrst og fremst til að veita íbúum sveitarfélagsins upplýsingar um stjórnýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Þá eru birtar fréttir af menningar- og samfélagstengdum viðburðum og öðru í héraðinu og nágrenni. Vefur Dalabyggðar er ekki hugsaður til að birta almennar fréttir úr héraðinu.

Atburðadagatal

Inn á atburðadagatalið geta þeir sem vilja lesið beint inn viðburði eða annað sem þeir telja að eigi erindi þar inn. Miðað er við að viðburður sé opinn öllum, að minnsta kosti öllum á ákveðnum aldri eða kyni. Ekki er þó leyfilegt að auglýsa þar áfengi og annað sem ekki á erindi til barna og unglinga.

Fréttaveita

Á fréttaveitu eru birtar fréttir, tilkynningar og upplýsingar frá sveitarfélaginu. Auk þess eru birtar þar fréttir af menningartengdum viðburðum, tilkynningar frá öðrum opinberum aðilum og annað sem hefur samfélagslegt gildi.

Á vef Dalabyggðar eru ekki birtar auglýsingar frá fyrirtækjum, félögum og einstaklingum vegna sölu á vöru og þjónustu. Undantekningar eru þegar það tengist beint menningartengdum viðburðum í héraðinu eða þegar ágóði fer til góðgerða- eða samfélagsmála.

Stjórnýsla

Undir stjórnýslu eru birtar fundargerðir, erindisbréf, stjórnir, nefndir, samþykktir, ársreikningar, gjaldskrár, eyðublöð, fjallskil, jafnréttisáætlun, starfsmannastefna, starfsmenn, laus störf og annað tengt stjórnýslu sveitarfélagsins.

Þjónusta

Undir þjónustu eru birtar upplýsingar um einstaka stofnanir og starfsemi sveitarfélagsins, þá þjónustu sem þær veita og opnunartíma. Auðarskóli, Silfurtún, félagsþjónusta, áhaldahús, félagsheimili, hafnir, bygginga- og skipulagsfulltrúi, Sælingsdalslaug, íþróttahús, Byggðasafn Dalamanna, Eiríksstaðir, Héraðsbókasafn Dalasýslu, Héraðsskjalasafn Dalasýslu, Listasafn Dalasýslu, sjálfböðavinnuverkefni, slökkvilið, sorp- og endurvinnslu, vinnuskólann, upplýsingamiðstöð og fleira.

Mannlíf

Undir mannlíf eru upplýsingar og tengingar á ýmis félög tengd tómsundum, æskulýðsstarfi, félagslífi, atvinnulífi og annað í samfélaginu. Íbúum velkomið að koma uppbyggjandi félagasamtökum hér á framfæri.

Myndir

Ljósmyndasýrpur frá hinu og þessu sem um er að vera í sveitarfélaginu. Öllum er velkomið að senda inn myndir til birtingar hér.

Ferðaþjónusta

Helstu upplýsingar um ferðaþjónustu í Döllum. En að öðru leiti er vísað á síðuna www.visitdalir.is og www.vesturland.is.

Laus störf

Allir þeir sem hafa í boði lögleg störf, innan þess svæðis að íbúar Dalabyggðar geti sótt þau, geta fengið atvinnuauglýsingar birtar hér endurgjaldslaust.

Aðrir vefir

Auðarskóli er með eigin vefsíðu, www.audarskoli.is.

Eiríksstaðir eru með eigin vefsíðu, www.eiriksstadir.is.

Efni fyrir ferðamenn er á síðunni www.dalir.is og www.vesturland.is.

Á vef Ungmenna- og tómstundabúðanna á Laugum, www.ungmennabudir.is eru upplýsingar um opnunartíma á Sælingsdalslaug og íþróttahúsi.

Héraðsbókasafn Dalasýslu er með síðu á Facebook.

Byggðasafn Dalamanna og Héraðsskjalasafn Dalasýslu eru með síðu á Facebook.

Leifsbúð / upplýsingamiðstöð er með síðu á Facebook (<https://www.facebook.com/leifsbudbudardal>)

Umsjónarmenn

Ábendingum og leiðréttingum skal komið á framfæri við umsjónarmenn vefsins sem eru Sigfríð Andradóttir sigfrid@dalir.is og Valdís Einarsdóttir safnamal@dalir.is.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 16. desember 2014

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri